



## Fundargerð

315. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 11. nóvember 2010, kl.15:15

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Andrea Björnsdóttir, Eiríkur Kristjánsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 4 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið, sérstaklega bauð hann velkominn nýjan sveitarstjóra sem sat sinn fyrsta fund. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir:

- 1. Fundargerð 314. fundar hreppsnefndar 14.október 2010.**  
*Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir ítrekaði lið 1 undir liðnum önnur mál. Eggerti veittur frestur vegna 10 liðar til þriðjudags. Fundargerðin samþykkt.*
- 2. Fundargerð skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefndar 25. október 2010.**  
*Liður 1 samþykktur, liður 2 samþykktur, liður 3 samþykktur, liður 4 samþykktur, liður 5 samþykktur, sveitarstjóra falið að svara lið 5 í samráði við byggingafulltrúa. Liður 6 samþykktur.*
- 3. Fundargerð skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefndar 8. nóvember 2010.**  
*Liður 1 samþykktur, liður 2 samþykktur, liður 3 samþykktur, liður 4 samþykktur og liður 5 samþykktur.*

### Mál til afgreiðslu:

- 1. 1011001 - Samstarf um sorphirðu.**  
Erindi frá framkvæmdastjóra Sorpsamlags Strandasýslu dagsett 1. nóvember 2010.  
*Vísað til umhverfisnefndar, henni er falið að vinna í málinu í samráði við sveitarstjóra.*
- 2. 1011002 - Endurnýjun umboðs fulltrúa í starfshópi um svæðisskipulagsgerð fyrir Vestfirði.**  
Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 28. október 2010.  
*Samþykkt að taka ekki þátt í svæðisskipulagi Vestfjarða að svo stöddu.*
- 3. 1011003 - Kjör til stjórnlagabings 27. nóvember 2010.**  
*Kjörstjórn hefur verið falið verkefnið, kjörskrá væntanleg og verður tekin til samþykktar þriðjudaginn 16. nóvember.*

4. **1011004 - Aðkoma að stefnumótum í ferðaþjónustu eða atvinnumálum í heild.**  
Tölvupóstur frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða 27. október 2010 ásamt bókun frá sveitarstjórnarfundum Strandabyggðar 2. nóvember s.l.

*Hreppsnefnd Reykhólahrepps tekur undir bókun Strandabyggðar og hefur áhuga á samstarfi við Strandabyggð, Kaldrananeshrepp og Árneshrepp.*

5. **1011005 – Sveitarstjórnanámskeið Sambands íslenskra sveitarfélaga 2010.**

*Lagt fram. Ingibjörg Erlingsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson og Andrea Björnsdóttir munu sitja námskeið hjá SSV laugardaginn 13. nóvember 2010.*

6. **0910001 – Umsókn um lóð í Flatey á Breiðafirði.**

Erindi frá Þorsteini Bergssyni Minjavernd dagsett 8. september 2010.

*Hreppsnefnd getur ekki orðið við erindinu. Samþykkt samhljóða.*

7. **1011006 – Umsagnarbeiðni, 78. mál frumvarp til laga um mannvirki og 79. mál frumvarp til laga um brunavarnir.**

Erindi frá umhverfisnefnd Alþingis dagsett 22. október 2010.

*Samþykkt að veita ekki umsögn.*

8. **1011007 – Umsagnarbeiðni um 100. mál, frumvarp til laga um húsnæðismál.**

Erindi frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis dagsett 25. október 2010.

*Samþykkt að veita ekki umsögn.*

9. **1011008 – Umsagnarbeiðni um 77. mál, frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og jarðhita.**

Erindi frá iðnaðarnefnd Alþingis dagsett 27. október 2010.

*Samþykkt að veita ekki umsögn.*

10. **1011009 – Umsagnarbeiðni 56. mál, frumvarp til barnaverndarlaga.**

Erindi frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis dagsett 20. október 2010.

*Samþykkt að veita ekki umsögn.*

11. **1011010 – Styrkbeiðni vegna ársins 2011.**

Erindi frá Stígamótum dagsett 1. nóvember 2010.

*Samþykkt að veita 20.000.- kr. styrk til málefnsins, vísað í gerð fjárhagsáætlunar.*

#### **Mál til kynningar:**

12. **1011011 - Fundur með Eyvindi Magnússyni Hólakaupum vegna innkaupa sveitarfélagsins.**

*Lagt fram.*

13. **1011012 - Málþing um stöðu fámennra byggða.**

Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 25. október 2010.

*Kynnt.*

**14. 1011013 - Framkvæmdir við veiðivötn.**

Erindi frá Fiskistofu dagsett 15. september 2010.

*Kynnt.*

**15. 1011014 – Framkvæmdastjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.**

Tilkynning frá stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga.

*Kynnt.*

**16. 1011015 - Eyjaping 2010, niðurstöður.**

Erindi frá formanni Framfarafélags Flateyjar dagsett 26. október 2010.

*Í erindinu kom fram ósk Framfarafélagsins að Reykhólahreppur hafi milligöngu um að greiða sérfræðikostnað vegna þingsins. Reykhólahreppur hefur þegar samþykkt styrk vegna þingsins 9. ágúst s.l. Ekki verður um frekari greiðslur að ræða. Samþykkt samhljóða.*

**17. 1011016 – Fundargerðir stjórnar FV 11. mars, 21. apríl, 9. júní, 23. ágúst, 2. september og 20. september 2010.**

*Fundargerðir kynntar.*

**18. 1011017 – Fundargerð 777 – 780 stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Fundargerðir kynntar.*

**Önnur mál :** löglega borin upp

**1. 1011018 – Styrkbeiðni vegna félagsstarfs aldraðra.**

Erindi frá Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi dagsett 10. september 2010.

*Sveitarstjóra falið að kynna sér málefnið.*

**2. Málefni Bókasafns Reykhólahrepps, framkvæmdir og innkaup.**

*Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skýrði frá framgangi mála. Sveitarstjóri skýrir frá kostnaði vegna ársins á næsta fundi.*

**3. Kynning á stöðu mála vegna sameiginlegrar félagsmálanefndar.**

*Andrea Björnsdóttir kynnti. Ákveðið að sveitarstjóri taki við störfum Andreu við undirbúning sameiginlegrar félagsmálanefndar.*

**4. Lóðarframkvæmdir við Hólatröð.**

*Eiríkur Kristjánsson fór yfir stöðu mála. Væntingar um framkvæmdalok virðast ekki í sjónmáli og það veldur vonbrigðum. Ákveðið að boða alla aðila sem að verkinu koma til fundar mánudaginn 15. nóvember kl 10.00.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:50**
